

Fimmtudaginn 13. mars 1986.

Nr. 1/1986. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f.h.

Sveinafélags rafeindavirkja

(Arnmundur Backman hrl.).

Verkfall. Ólögmat vinnustöðvun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f.m. að loknum munnlegum málf lutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 9. janúar 1986 og þingfestri 13. s.m.

Stefnandi er Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sveinafélags rafeindavirkja.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að ólögmat sé boðað verkfall Sveinafélags rafeindavirkja hjá þeim félagsmönnum sínum, er starfa hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu, er hefjast skyldi hinn 2. janúar sl., en frestað hefur verið um sinn, en ekki afturkallað.

2. Að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að lögmat sé boðað verkfall Sveinafélags rafeindavirkja hjá þeim félagsmönnum sínum, er starfa hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu, er hefjast skyldi hinn 2. janúar sl., en frestað var um sinn og ekki afturkallað.

Stefndi krefst málskostnaðar að mati dómsins.

Samkvæmt frásögn í stefnu eru helstu málavextir svo sem hér fer á eftir:

Í árslok 1984 sagði fjöldi rafeindavirkja í þjónustu Póst- og síma-
málastofnunar sig úr Félagi íslenskra símamanna miðað við 1.
janúar 1985. Nokkrar úrsagnir bættust við á árinu 1985. Það félag
er eitt aðildarfélag Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hið sama
gerðu rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpinu á árinu 1985, en þeir sögðu
sig úr Starfsmannafélagi ríkisútvarpsins, sem einnig er eitt aðildar-

félaga BSRB. Samhliða úrsögn óskuðu þessir starfsmenn eftir aðild að Sveinafélagi rafeindavirkja, en það félag er innan vébanda Alþýðusambands Íslands. Mun þeim fljótlega hafa verið veitt félagsaðild þar.

Rafeindavirkjun er löggilt iðngrein, sbr. reglugerð nr. 558/1981. Með henni var steipt saman í eina iðngrein tveimur eldri iðngreinum, útvarpsvirkjun og skriftvélavirkjun. Auk þess var sím-virkjun felld undir hina nýju iðngrein. Sú reglugerð sýnist hafa tekið gildi 1. febrúar 1982.

Hinn 25. júní 1984 rituðu fulltrúar rafeindavirkja í þjónustu ríkisins fjármálaráðherra bréf. Samhljóða bréf voru send ráðherrum menntamála, iðnaðar- og samgöngumála. Óskuðu þeir eftir viðræðum milli sín og ráðuneytanna um sameiningu allra rafeindavirkja í þjónustu ríkisins í Sveinafélag rafeindavirkja. Af þessu til efni og að höfðu samráði ráðuneytanna ritaði samgönguráðherra Félagi íslenskra símamanna bréf hinn 2. janúar 1985. Þar kemur fram, að hafnað er samningsaðild Sveinafélags rafeindavirkja fyrir áður nefnda starfsmenn ríkisins. Jafnframt er tekið fram, að þeir skuli taka laun samkvæmt aðalkjarasamningi BSRB og sérkjarasamningi Félags íslenskra símamanna, á meðan þeir starfa hjá stofnuninni, og að það félag sé eini samningsaðili fyrir þá, er starfa að síma- og fjarskiptamálum. Rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpi fengu frá fjármálaráðuneytinu efnislega sömu svör.

Með bréfi, dags. 21. febrúar 1985, til fjármálaráðherra óskaði Sveinafélag rafeindavirkja eftir fundi til að ræða undirbúning að nýjum kjarasamningi og hvernig að honum skyldi staðið. Fram kemur í bréfinu, að sveinafélagið telur sig vera lögformlegan samningsaðila fyrir félagsmenn sína, sem starfi hjá ríkinu skv. 5. gr. 1. nr. 80/1938, sbr. 1. gr. 1. nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessu bréfi var svarað munnlega með því að vísa til fyrri afstöðu. Samningsaðild sveinafélagsins var því hafnað. Sveinafélagið sendi enn nokkur bréf á fyrri hluta árs 1985 til fjármálaráðherra, samgönguráðherra, póst- og símamálastjóra og útvarpsstjóra, þar sem sjónarmið félagsins um samningsaðild þess eru áréttuð.

Hinn 30. september 1985 skrifa rafeindavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpi viðkomandi stofnunum bréf. Þessi bréf eru stöðluð með þeim hætti, sem hér greinir á eftir:

Í fyrsta lagi senda rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpi, hljóðvarpi, bréf, sem öll eru eins og eru alls fimmtán talsins. Með þessum bréfum er ráðningarkjörum viðkomandi starfsmanna sagt upp frá og með 1. janúar 1986.

Í öðru lagi rita 16 rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpi, sjónvarpi, undir eitt og sama bréfið til útvarpsstjóra. Bréfið er efnislega samhljóða bréfum rafeindavirkja hjá Ríkisútvarpi, hljóðvarpi.

Í þriðja lagi skrifa 79 rafeindavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun bréf, þar sem ráðningarkjörum er sagt upp og tekið fram, að viðkomandi sé ekki heimilt að starfa hjá stofnuninni á öðrum kjörum en þeim, sem Sveinafélag rafeindavirkja semur um eða samþykkir. Það eigi við frá og með 1. janúar 1986. Fallist stofnunin ekki á breytt ráðningarkjör, beri að líta á þetta bréf sem uppsögn starfs frá sama tíma.

Í fjórða lagi bárust sams konar bréf frá 12 rafeindavirkjum hjá Póst- og símamálastofnun, nema hvað sleppt er því niðurlagi, að líta beri á bréfið sem uppsögn starfs, ef stofnunin fellst ekki á breytt ráðningarkjör.

Útvarpsstjóri og póst- og símamálastjóri vísuðu þessum málum til viðkomandi ráðuneyta og fjármálaráðuneytisins annars vegar og rafeindavirkja hjá Ríkisútvarpi og Póst- og símamálastofnun hins vegar í nóvember- og desembermánuði sl. Aðilar skýrðu þar viðhorf sín til málsins.

Viðhorf ríkisvaldsins voru áréttuð með bréfi samgönguráðherra til póst- og símamálastjóra, dags. 13. desember 1985, sbr. og bréf hins síðarnefnda 17. desember til rafeindavirkja hjá stofnuninni. Kom í því bréfi m.a. fram, að meðan viðkomandi starfsmenn gegndu starfi skv. þeirri ráðningu, sem þeir nú hefðu, yrðu laun þeirra skv. kjarasamningum, gerðum á grundvelli l. nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB, eða þau yrðu ákveðin skv. 2. mgr. 4. gr. 1. nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, séu þeir utan heildarsamtaka ríkisstarfsmanna. Yrði svo, þar til þeim hefði verið veitt lausn úr starfi, kæmi fram ósk um slíkt með óskilyrtri og fortaklausri uppsögn. Þá tækju lög nr. 33/1915, sem banna verkföll opinberra starfsmanna, til annarra ríkisstarfsmanna en þeirra, sem falla undir kjarasamninga BSRB.

Hinn 23. desember barst fjármálaráðuneytinu bréf Sveinafélags rafeindavirkja, dags. þann dag. Með bréfinu boðar félagið verkfall

félagsmanna sinna, er starfa hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpi frá og með 2. janúar 1986. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi samdægurs. Þar er verkfallið lýst ólögmætt og skorað á félagið að draga boðunina til baka. Þessu hafnaði Sveinafélag rafeindavirkja, sbr. bréf þess, dags. 30. desember sl.

Sama dag fór fjármálaráðuneytið þess á leit við Sveinafélag rafeindavirkja, að ágreiningur aðila yrði borinn undir Félagsdóm og meðan beðið væri eftir dómi, frestaði félagið framgangi hins boðaða verkfalls.

Á fundi, sem haldinn var hinn 1. janúar í fjármálaráðuneytinu, skýrðu fulltrúar Sveinafélags rafeindavirkja frá því, að þeir hefðu ákveðið að verða við tilmælum ráðuneytisins. Var undirritað bráðabirgðasamkomulag þess efnis. Því var fylgt eftir með ýtarlegra samkomulagi, dags. 3. janúar sl. Þetta samkomulag felur í sér tilmæli beggja málsaðila til Félagsdóms um, að hann taki ágreining aðila til efnislegrar úrlausnar á grundvelli heimildar í 3. tl. 1. mgr. 44. gr. 1. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Eins og í upphafi greinir, var mál þetta þingfest 13. janúar sl. Í þinghaldi 10. f.m. var því lýst yfir af hálfu dómsins að gefnu til efni, að dómendur væru á einu máli um, að taka bæri ágreining aðila til dómsmeðferðar með tilvísun til eðlis hans og með hliðsjón af 1. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Uppsagnarbréf rafeindavirkjanna, sem mál þetta varðar, eru hér að ofan greind í fjóra flokka. Eru þau öll efnislega nær samhljóða, en bréf 79 rafeindavirkja til póst- og símamálastjóra er einni málsgrein lengra en hin, og er hún svohljóðandi:

„Fallist stofnunin ekki á breytt ráðningarkjör, ber að líta á þetta bréf sem uppsögn starfs míns frá sama tíma. Krefst ég afdráttarlausra svara um það efni fyrir 1. desember 1985, en bregðist það, lýsi ég mig með öllu óbundinn stofnuninni eftir 31. desember 1985.“

Stefnandi reisir dómkröfur sínar fyrst og fremst á því, að allir rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, og Póst- og símamálastofnun séu ríkisstarfsmenn. Markist réttarstaða þeirra einkum af lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna svo og ýmsum stjórnvaldsfyrirmælum, settum á grundvelli nefndra laga. Eftir útgöngu þeirra úr BSRB sé ljóst, að lög nr.

33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna náí til þeirra eins og annarra ríkisstarfsmanna, sem ekki séu innan vébanda BSRB.

Í 2. mgr. 4. gr. 1. nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna séu lagafyrirmæli þess efnis, að launakjör ríkisstarfsmanna, sem ekki eru innan vébanda heildarsamtaka opinberra starfsmanna, sem viðurkenningu hafa hlotið skv. 3. mgr. 3. gr. laganna, skuli ákveðin af fjármálaráðherra án samninga.

Samkvæmt skýrum lagafyrirmælum beri því að ákveða launakjör rafeindavirkja hjá ofanefndum ríkisstofnunum með þessum hætti.

Sveinafélag rafeindavirkja beri fyrir sig 5. gr. 1. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur sem réttarheimild fyrir samningsumboði sínu fyrir rafeindavirkja í ríkisþjónustu. Það sjónarmið fái ekki staðist. Sérlæg gildi um ríkisstarfsmenn. Stéttarfélög samkvæmt 1. nr. 80/1938, sbr. einkum 5. gr., séu ekki lögformlegur aðili fyrir þá ríkisstarfsmenn, sem lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 62/1985 eða lög nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB taki til.

Þeir rafeindavirkjar, sem stefndi telji sig hafa samningsumboð fyrir, séu ráðnir eða skipaðir í þjónustu áður nefndra ríkisstofnana á grundvelli þessara réttarheimilda. Þeim stöðum gegni þeir allir enn. Þar hafi engin breyting orðið á. Flestir hafi alls ekki sagt upp stöðum sínum, en aðrir hafi sagt upp með ólögmætum fyrirvörum, sem geri það að verkum, að því hafi verið hafnað að taka lausnarbeiðnir til greina.

Með hliðsjón af framansögðu telur stefnandi ljóst, að stefndi geti ekki að lögum farið með umboð til að gera kjarasamninga fyrir hönd þessara starfsmanna ríkisins. Þegar af þeirri ástæðu sé boðað verkfall ólögmætt.

Í annan stað telur stefnandi, að hvað svo sem öðru líði, hljóti boðað verkfall að vera ólögmætt vegna fyrirmæla í lögum nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna. Að áliti stefnanda falli allir þeir rafeindavirkjar, sem starfi hjá þessum tveim stofnunum og ekki eru í BSRB, undir ákvæði laganna.

Stefnandi leggur áherslu á, að allir þeir rafeindavirkjar, sem hér um ræði, falli undir ákvæði laga nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eftir úrsögn þeirra úr aðildarfélagum BSRB.

Á það verði ekki fallist með stefnda, að ákvæði 4. tl. 2. mgr.

1. gr. laga nr. 62/1985 geti breytt hér neinu um. Í því sambandi vilji stefnandi minna á, að rafeindavirkjar hjá Ríkisútvarpinu hafi lengi gegnt stöðum, sem krefjast, að viðkomandi hafi próf í löggiltri iðngrein. Að því leyti breyti setning reglugerðar nr. 558/1981 engu. Útvarpsvirkjun hafi fyrir þann tíma verið löggilt iðngrein. Útvarpsvirkjun hjá Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi, hafi gert sína kjarasamninga á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.e. laga 55/1962 og l. 46/1973 og síðar l. 29/1976 um kjarasamninga BSRB. Um þetta hafi aldrei verið ágreiningur milli aðila. Eigi þetta jafnvel við um fleiri ríkisstofnanir. Tilvísun í greininni til þeirra starfshópa, sem taka skuli laun í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938, verði ekki skilin með öðrum hætti en þeim, að hún nái til þeirra, sem samkvæmt venjum og hefðum hafi fylgt ákvæðum þeirra laga við ákvörðun sinna kjaramála og ráðnir hafi verið á þeim grundvelli.

Stefndi vísar því á bug, að lög nr. 62/1985 gildi um þá rafeindavirkja, sem hér eigi hlut að máli, eftir úrsögn úr BSRB.

Í 4. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna segi, að ákvæði laganna taki ekki til iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fari eftir kjarasamningum stéttarféлага þeirra og vinnuveitenda, sbr. l. nr. 80/1938.

Samkvæmt framansögðu sé það óumdeilanlegur lagalegur réttur og reyndar gert ráð fyrir því í l. nr. 62/1985, að iðnaðarmenn standi utan laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Sé beinlínis gert ráð fyrir því, að um kaup þeirra og kjör fari eftir kjarasamningum almennra stéttarféлага með tilvísun til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Rafeindavirkjum, sem áður voru opinberir starfsmenn og tilheyrðu samtökum opinberra starfsmanna, sé því rétt og heimilt með tilliti til 1. og 2. gr. laga nr. 80/1938 að ganga í stéttarfélag sitt í starfsgreininni á félagssvæði, og fari þá um kaup og kjör þeirra eftir kjarasamningi þess stéttarfélags.

Hvergi sé að finna í lögum skilgreiningu á hugtakinu „opinber starfsmaður“. Í l. nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segi aðeins, að lögin taki til hvers þess manns, sem skipaður sé, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegni starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Í lögnum sé hvergi vikið að stéttarfélögum opinberra starfsmanna né heldur að það sé gert skilyrði fyrir réttindum samkvæmt lög-

unum, að starfsmenn ríkisins séu í heildarsamtökum opinberra starfsmanna. Því verði þess vegna ekki haldið fram með skynsamlegum rökum í þessu máli, hvorki á grundvelli l. nr. 38/1954, l. nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja né l. nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að sú skylda hvíli á rafeindavirkjum að vera opinberir starfsmenn til að gegna störfum sínum.

Stefndi vísar til þess, að hann hafi lagt fram gögn, sem sýni tilvist a.m.k. 36 samninga, sem Vinnumálanefnd ríkisins hafi gert við fjölmörg stéttarfélag á almennum vinnumarkaði. Sýni þetta ásamt öðru, hver þróun hafi verið í samningsréttarmálum fjölmargra starfsmanna ríkisins á undanförunum árum.

Annad verði ekki séð af framangreindum kjarasamningum en að Vinnumálanefnd ríkisins geri samninga við hvert það stéttarfélag, sem hafi samningsumboð fyrir þann fjölda starfsmanna ríkisins, sem tilheyra almennum stéttarfélögum. Í flestum, ef ekki öllum tilfellum, sé samið um forgangsrétt stéttarfélaganna, og í fjölmörgum tilfellum sé um að ræða kjarasamninga við starfsfólk ríkisstofnana, sem séu fullkomlega hliðstæðar Póst- og símamálastofnun, Ríkisútvarpi og sjónvarpi. Gagnvart öllum þessum stéttum hafi Vinnumálanefnd ríkisins og fjármálaráðuneytið verið trútt þeirri meginreglu, sem fram komi í áðurnefndum 4. tl. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að iðnaðarmenn, sjómenn og verkafólk skuli vera undanþegin lögnum og um kjör þeirra fari eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra við vinnuveitendur, sbr. l. nr. 80/1938.

Stefndi telur, að eina röksemd stefnanda, sem eitthvað megi á byggja, sé sú, að rafeindavirkjarnir, sem hér um ræði, hafi ekki sagt stöðum sínum lausum með lögsmætum hætti. Stefndandi haldi því fram, að uppsagnirnar séu skilyrtar og því ólögsmætar. Mennirnir gegni því áfram störfum sínum sem opinberir starfsmenn, hvað sem öðru líði.

Þess sé harðlega mótmælt. Eins og fram komi í skjölum málsins, sé það með þriggja mánaða fyrirvara miðað við sl. áramót, að allir þessir starfsmenn tilkynni viðkomandi atvinnurekanda, að þeim sé óheimilt að starfa hjá stofnuninni á öðrum kjörum en þeim, sem Sveinafélag rafeindavirkja samþykki frá og með 1. janúar 1986. Langflestir þessara aðila bæti því við í lok bréfsins, að fallist

stofnunin ekki á breytt ráðningarkjör, þá beri að líta á bréfið sem uppsögn starfsins frá sama tíma.

Um þessar uppsagnir sé það að segja, að þær feli í öllum tilfellum í sér uppsagnir á ráðningarkjörum, þ.e.a.s. einhliða tilkynningu um það, að hinn 1. janúar 1986 muni þeir ekki vinna undir sömu starfskjörum og áður. Í uppsagnarbréfunum felist tilboð um nýjan starfsamning, og komi það þess vegna tvímælaust í hlut stefnanda og viðkomandi stofnana að svara þessum tilboðum með höfnun eða tilboði um ný starfskjör og viðræður. Eins og fram komi í svarbréfi Póst- og símamálastofnunar til starfsmanna þar, sé enginn vafi á, að stofnunin hafi litið á bréfin sem uppsögn og að hún hafi út af fyrir sig ekki neitt haft við það að athuga, þótt umræddir starfsmenn yrðu aðilar að Sveinafélagi rafeindavirkja.

Í lögum séu fáar formreglur um uppsagnir. Það eitt sé lögbundið, að þær skuli vera formlegar og gerðar með löglegum fyrirvara, uppsagnarfresti. Af almennum vinnumarkaði hafi fallið nokkrir dómur um uppsagnir á störfum og starfskjörum. Lögmæti slíkra uppsagna sé háð mati á atburðum og aðstæðum. Í fæstum tilfellum séu slíkar uppsagnir formlegar, en metnar gildar engu að síður. Nokkrir dómur séu um uppsagnir á hluta starfskjara. Á grundvelli þeirra sé nú almennt litið svo á, að t.d. yfirborgunum og öðrum starfskjörum að hluta eða í heild megi og þurfi að segja upp með þeim sama uppsagnarfresti og viðkomandi starfsmaður nýtur samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Uppsögn á starfskjörum, sem gerð sé með nægum fyrirvara, sé því lögleg samkvæmt grundvallarreglum um samninga. Ef í slíkri uppsögn eða tilkynningu felist skilyrði fyrir áframhaldandi starfi og tilboð um ný starfskjör, beri gagnaðila að svara slíku tilboði, ella teljist hann hafa hafnað því, sbr. meginreglu samningaréttar um tilboð og gagnaðila.

Af framangreindum ástæðum og með hliðsjón af öllum málsástæðum stefnda sé því algerlega vísað á bug, að lög nr. 33/1915 geti átt við í þessu tilfalli.

Mat á því, hvort verkfall Sveinafélags rafeindavirkja sé löglegt eða ekki, hljóti að byggjast á ákvæðum vinnulöggjafarinnar og hvort þeim leikreglum, sem þar sé lýst, hafi verið fylgt. Rafeindavirkjar þeir, sem hér um ræði, hafi falið Sveinafélaginu umboð sitt fyrir löngu og gengið tryggilega frá úrsögn úr samtökum opinberra starfsmanna. Þeir hafi sagt upp starfskjörum sínum með nægum

fyrirvara og það sé því fullkomlega í samræmi við ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, að þeim sé heimilt að velja sér eða stofna stéttarfélag eftir þörfum. Réttur til að stofna stéttarfélag sé að auki tryggður sérstaklega í 1. gr. vinnulöggjafarinnar nr. 80/1938. Almennt hafi verið litið svo á, að sú lagagrein heimili sérhverjum starfshópi eða starfsgrein innan eins stéttarfélags að stofna stéttarfélag til að gæta hagsmuna sinna og í raun engar takmarkanir settar við því, að ekki megi fleiri en eitt stéttarfélag vera í hverri starfsgrein á hverju félagssvæði. Réttur til að stofna stéttarfélög og réttur einstaklinga til að velja sér stéttarfélag innan starfsgreinarinnar sé því almennur og fortakslaus. Hann sé grundvallarréttur samkvæmt íslenskri réttarskipan og verði ekki takmarkaður nema með sérstökum lögum eða með þeim hætti, sem tíðkast hafi til lengri tíma, að stéttarfélög og félög atvinnurekenda semji um forgangsrétt í kjarasamningum. Undir slíkan forgangsrétt hafi Vinnumálanefnd ríkisins skrifað gagnvart fjölda stéttarféлага í mörgum starfsgreinum, og krafa Sveinafélags rafeindavirkja og tilefni hins boðaða verkfalls sé sú, að viðurkenndur verði samnings- og forgangsréttur þess, þegar um er að ræða rafeindavirkjun í þjónustu ríkisins. Margir dómar Félagsdóms hafi skorið úr um það, að slík krafa um samnings- og forgangsrétt og viðurkenningu sé lögmæt og henni megi fylgja eftir með verkfalli, ef nauðsyn krefji.

Álit dómsins og niðurstaða.

Rafeindavirkjar þeir, sem mál þetta varðar, eru 122 talsins samkvæmt því, sem málgögn greina. Þeir eru allir ráðnir eða skipaðir í stöður hjá ofanefndum ríkisstofnunum og verða þar með í upphafi opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum, sem því eru samfara, sbr. einkum lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um rétt þeirra til samninga um kaup og kjör hefur hingað til farið eftir þessari stöðu. Aðila greinir á um það, hvort þessi réttarstaða þeirra gagnvart atvinnuveitanda sínum, ríkinu, hafi breyst og orðið allt önnur fyrir sérstakar aðgerðir þeirra sjálfra og stéttarfélags þeirra og vegna fyrirmæla í settum lögum.

Allir hafa rafeindavirkjarnir, sem hér um ræðir, sagt upp ráðningarkjörum sínum skriflega til yfirmanna viðkomandi stofnana með tilvísun til þess m.a., að í gildandi lögum væri að finna afdráttarlaus lagaboð um, að iðnaðarmenn í þjónustu ríkisins skuli

ráðnir á þeim kjörum, sem stéttarfélög þeirra semji um. Er hér ber-sýnilega vitnað til 4. t. l. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1985 um kjara-samninga opinberra starfsmanna.

Eigi verður talið, að einhliða yfirlýsing um uppsögn ráðningar-kjara hafi þau réttaráhrif, að staða umræddra rafeindavirkja sem opinberra starfsmanna breytist að eðli til, né heldur, að slíkt megi með öðru leiða af nefndu ákvæði 4. t. l. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1985, eins og öllum atvikum er hér háttað.

Svo sem að framan er rakið, var í niðurlagi bréfs 79 rafeinda-virkjanna lýst yfir uppsögn úr starfi, fallist Póst- og símamála-stofnun ekki á breytt ráðningarkjör, og krafist skýrra svara um það fyrir 1. desember 1985.

Þegar það er virt, að uppsagnarákvæði þetta er háð því, að sá, sem því er beint til, taki afstöðu til ákveðinnar kröfu uppsegjanda og honum gefinn ákveðinn umþóttunartími, þar til það verði virkt, verður eigi talið, að það sé fullnægjandi og lögmæt uppsögn úr opinberri stöðu miðað við 1. janúar 1985.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður eigi talið, að stefnda hafi tekist að sanna, að ofan nefndir félagsmenn í Sveina-félagi rafeindavirkja, sem mál þetta varðar, hafi með aðgerð-um sínum, sem að framan er frá skýrt, fengið breytt stöðu sinni sem opinberra starfsmanna þannig, að lög nr. 38/1954 taki ekki lengur til þeirra né heldur lög nr. 62/1985. Verður þegar af þessari ástæðu að telja boðað verkfall félagsins, sem koma átti til framkvæmda 2. janúar sl., en var frestað, ólögmætt. Eru því úrslit málsins þau, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Gunn-laugi Briem og Þorsteini Geirssyni.

D ó m s o r ð:

Boðað verkfall Sveinafélags rafeindavirkja vegna 122 félags-manna sinna, er starfa hjá Póst- og símamálastofnun og Ríkis-útvarpinu og hefjast skyldi 2. janúar 1986, en var frestað, dæmist vera ólögmætt.

Málskostnaður falli niður.

S é r a t k v æ ð i

Björns Helgasonar og Jóns Þorsteinsonar.

Rafeindavirkjar hafa árum saman starfað hjá ríkisstofnunum sem opinberir starfsmenn. Þeir hafa verið félagsmenn í viðkomandi aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og notið launakjara aðalkjarasamnings og sérkjarasamninga samkvæmt lögum nr. 29/1976. Allir rafeindavirkjar, og þar með taldir sím-virkjar, eru nú iðnaðarmenn, en símverkjun var gerð að löggiltri iðngrein á árinu 1982. Iðnaðarmenn í hópi opinberra starfsmanna eiga rétt á því samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 1. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 62/1985 að leita eftir ráðningu á grundvelli kjarasamnings stéttarfélags, er starfar eftir lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938, og reyna að knýja þá lausn fram með verkfalli að því tilskildu, að aðdragandi og undirbúningur verkfallsins sé með löglegum hætti og þar á meðal að réttarsamband þeirra við ríkisvaldið sem opinberra starfsmanna sé rofið.

Framvinda þessa máls varð á þann veg, að rafeindavirkjar sögðu sig úr viðkomandi aðildarfélögum innan BSRB og gengu í Sveinafélag rafeindavirkja, sem er stéttarfélag innan Alþýðusambands Íslands. Sveinafélagið leitaði eftir kjarasamningi við ríkisvaldið, en án árangurs. Rafeindavirkjar sögðu þá upp ýmist störfum eða starfskjörum miðað við 1. janúar 1986, en þá voru síðastgildandi kjarasamningar þeirra á vegum BSRB og aðildarfélaga lausir. Af rafeindavirkjunum 122, sem hér eiga hlut að máli, sögðu 79 þeirra upp störfum, sbr. dskj. nr. 18. Þessi uppsögn er lögmæt. En á það ber að líta, að rafeindavirkjar þessir vildu í reynd þrátt fyrir öll málsatvik, að rafeindavirkjar áréttuðu þetta sjónarmið í uppsagnarbréfinu, og gerðu þar lokatilraun til þess að fá ný ráðningarkjör samþykkt.

Samkvæmt því, sem hér er rakið, er það niðurstaða okkar, að verkfall Sveinafélags rafeindavirkja, sem hefjast átti 2. janúar 1986 í því skyni að knýja fram viðurkenningu á samningsrétti og gerð kjarasamnings, sé lögmætt, að því er tekur til framangreindra 79 rafeindavirkja, en ólögmætt, að því er varðar þá rafeindavirkja, er aðeins sögðu upp starfskjörum sínum.

Eftir atvikum teljum við rétt, að málskostnaður falli niður.